

# *Góðu Fréttirnar*




*The Good News*



En á sjötta mánuði var Gabríel engill sendur frá Guði til borgar í Galíleu, sem heitir Nasaret, til meyjar, er var föstnuð manni, sem Jósef hét, af ætt Davíðs, en mærin hét María. Og engillinn kom inn til hennar og sagði: „Heil vert þú, sem nýtur náðar Guðs! Drottinn er með þér.“ En hún varð hrædd við þessi orð og hugleiddi, hvílík þessi kveðja væri. Og engillinn sagði við hana: „Óttast þú eigi, María, því að þú hefur fundið náð hjá Guði. Þú munt þunguð verða og son ala, og þú skalt láta hann heita JESÚ. Hann mun verða mikill og kallaður sonur hins hæsta. Drottinn Guð mun gefa honum háseti Davíðs föður hans, og hann mun ríkja yfir ætt Jakobs að eilífu, og á ríki hans mun enginn endir verða.“ Þá sagði María: „Sjá, ég er ambátt Drottins. Verði mér eftir orðum þínum.“ Og engillinn fór burt frá henni. (Lúkas 1:26-33 & 38)

\*\*\*\*\*

Now in the sixth month the angel Gabriel was sent by God to a city of Galilee named Nazareth, to a virgin betrothed to a man whose name was Joseph, of the house of David. The virgin's name was Mary. And having come in, the angel said to her, "Rejoice, highly favored one, the Lord is with you; blessed are you among women!" But when she saw him, she was troubled at his saying, and considered what manner of greeting this was. Then the angel said to her, "Do not be afraid, Mary, for you have found favor with God. And behold, you will conceive in your womb and bring forth a Son, and shall call His name Jesus. He will be great, and will be called the Son of the Highest; and the Lord God will give Him the throne of His father David. And He will reign over the house of Jacob forever, and of His kingdom there will be no end." Then Mary said, "Behold the maidservant of the Lord! Let it be to me according to your word." And the angel departed from her. (Luke 1:26-33 & 38)



Þá fór og Jósef úr Galíleu frá borginni Nasaret upp til Júdeu, til borgar Davíðs, sem heitir Betlehem, en hann var af ætt og kyni Davíðs, að láta skrásetja sig ásamt Maríu heitkonu sinni, sem var þunguð. En meðan þau voru þar, kom sá tími, er hún skyldi verða léttari. Fæddi hún þá son sinn frumgetinn, vafði hann reifum og lagði hann í jötu, af því að eigi var rúm handa þeim í gistihúsi. (Lúkas 2:4-7)

\*\*\*\*\*

Joseph also went up from Galilee, out of the city of Nazareth, into Judea, to the city of David, which is called Bethlehem, because he was of the house and lineage of David, to be registered with Mary, his betrothed wife, who was with child. So it was, that while they were there, the days were completed for her to be delivered. And she brought forth her firstborn Son, and wrapped Him in swaddling cloths, and laid Him in a manger, because there was no room for them in the inn. (Luke 2:4-7)



En í sömu byggð voru hirðar úti í haga og gættu um nóttina hjarðar sinnar. Og engill Drottins stóð hjá þeim, og dýrð Drottins ljómaði kringum þá. Þeir urðu mjög hræddir, en engillinn sagði við þá: „Verið óhræddir, því sjá, ég boða yður mikinn fögnuð, sem veitast mun öllum lýðnum: Yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn, í borg Davíðs. Og hafið þetta til marks: Þér munuð finna ungbarn reifað og lagt í jötu.“ Og í sömu svipan var með englinum fjöldi himneskra hersveita, sem lofuðu Guð og sögðu: „Dýrð sé Guði í upphæðum, og friður á jörðu með mönnum, sem hann hefur velþóknun á.“ (Lúkas 2:8-14)

\*\*\*\*\*

Now there were in the same country shepherds living out in the fields, keeping watch over their flock by night. And behold, an angel of the Lord stood before them, and the glory of the Lord shone around them, and they were greatly afraid. Then the angel said to them, “Do not be afraid, for behold, I bring you good tidings of great joy which will be to all people. For there is born to you this day in the city of David a Savior, who is Christ the Lord. And this will be the sign to you: You will find a Babe wrapped in swaddling cloths, lying in a manger.” And suddenly there was with the angel a multitude of the heavenly host praising God and saying: “Glory to God in the highest, and on earth peace, goodwill toward men!” (Luke 2:8-14)



En sveinninn óx og styrktist, fylltur vísu, og náð Guðs var yfir honum.  
(Lúkas 2:40)

\*\*\*\*\*

And the Child grew and became strong in spirit, filled with wisdom;  
and the grace of God was upon Him. (Luke 2:40)



Þannig kom Jóhannes skírari fram í óbyggðinni og prédikaði iðrunarskírni til fyrirgefningar synða, og menn streymdu til hans frá allri Júdeubyggð og allir Jerúsalembúar og létu skírast af honum í ánni Jórdan og játuðu syndir sínar. En Jóhannes var í klæðum úr úlfaldahári, með leðurbelti um lendar sér og át engisprettur og villihunang. Hann prédikaði svo: „Sá kemur eftir mig, sem mér er máttugri, og er ég ekki verður þess að krjúpa niður og leysa skóþveng hans. Ég hef skírt yður með vatni, en hann mun skíra yður með heilögum anda.“ Svo bar við á þeim dögum, að Jesús kom frá Nasaret í Galíleu og var skírður af Jóhannesi í Jórdan. Um leið og hann sté upp úr vatninu, sá hann himnana ljúkast upp og andann stíga niður yfir sig eins og dúfu. Og rödd kom af himnum: „Þú ert minn elskaði sonur, á þér hef ég velþóknun.“ (Markús 1:4-11)

\*\*\*\*\*

John came baptizing in the wilderness and preaching a baptism of repentance for the remission of sins. Then all the land of Judea, and those from Jerusalem, went out to him and were all baptized by him in the Jordan River, confessing their sins. Now John was clothed with camel's hair and with a leather belt around his waist, and he ate locusts and wild honey. And he preached, saying, "There comes One after me who is mightier than I, whose sandal strap I am not worthy to stoop down and loose. I indeed baptized you with water, but He will baptize you with the Holy Spirit." It came to pass in those days that Jesus came from Nazareth of Galilee, and was baptized by John in the Jordan. And immediately, coming up from the water, He saw the heavens parting and the Spirit descending upon Him like a dove. Then a voice came from heaven, "You are my beloved Son, in whom I am well pleased." (Mark 1:4-11)



Síðan fór hann til fjalls og kallaði til sín þá er hann sjálfur vildi, og þeir komu til hans. Hann skipaði tólf, er skyldu vera með honum og hann gæti sent út að prédika, með valdi að reka út illa anda. (Markús 3:13-15)

\*\*\*\*\*

And He went up on the mountain and called to Him those He Himself wanted. And they came to Him. Then He appointed twelve, that they might be with Him and that He might send them out to preach, and to have power to heal sicknesses and to cast out demons. (Mark 3:13-15)




Maður hét Nikódemus, af flokki farísea, ráðsherra meðal Gyðinga. Hann kom til Jesú um nótt og sagði við hann: „Rabbí, vér vitum, að þú ert lærifaðir kominn frá Guði. Enginn getur gjört þessi tákni, sem þú gjörir, nema Guð sé með honum.“ Jesús svaraði honum: „Sannlega, sannlega segi ég þér: Enginn getur séð Guðs ríki, nema hann fæðist að nýju.“ Nikódemus segir við hann: „Hvernig getur maður fæðst, þegar hann er orðinn gamall? Skyldi hann geta komist aftur í líf móður sinnar og fæðst?“ Jesús svaraði: „Sannlega, sannlega segi ég þér: Enginn getur komist inn í Guðs ríki, nema hann fæðist af vatni og anda. Það sem af holdinu fæðist, er hold, en það sem af andanum fæðist, er andi. (Jóhannes 3:1-6)

\*\*\*\*\*

There was a man of the Pharisees named Nicodemus, a ruler of the Jews. This man came to Jesus by night and said to him, “Rabbi, we know that You are a teacher come from God; for no one can do these signs that You do unless God is with him.” Jesus answered and said to him, “Most assuredly, I say to you, unless one is born again, he cannot see the kingdom of God.” Nicodemus said to Him, “How can a man be born when he is old? Can he enter a second time into his mother’s womb and be born?” Jesus answered, “Most assuredly, I say to you, unless one is born of water and the Spirit, he cannot enter the kingdom of God. That which is born of the flesh is flesh, and that which is born of the Spirit is spirit.” (John 3:1-6)





Skömmu síðar bar svo við, að Jesús hélt til borgar, sem heitir Nain, og lærisveinar hans fóru með honum og mikill mannfjöldi. Þegar hann nálgast borgarhliðið, þá var verið að bera út látinn mann, einkason móður sinnar, sem var ekkja, og mikill fjöldi úr borginni var með henni. Og er Drottinn sá hana, kenndi hann í brjósti um hana og sagði við hana: „Grát þú eigi!“ Og hann gekk að og snart líkbörurnar, en þeir, sem báru, námu staðar. Þá sagði hann: „Ungi maður, ég segi þér, rís þú upp!“ Hinn látni settist þá upp og tók að mæla, og Jesús gaf hann móður hans. En ótti greip alla, og þeir vegsömuðu Guð og sögðu: „Spámaður mikill er risinn upp meðal vor,“ og „Guð hefur vitjað lýðs síns.“ (Lúkas 7:11-16)

\*\*\*\*\*

Now it happened, the day after, that He went into a city called Nain; and many of His disciples went with Him, and a large crowd. And when He came near the gate of the city, behold, a dead man was being carried out, the only son of his mother; and she was a widow. And a large crowd from the city was with her. When the Lord saw her, He had compassion on her and said to her, "Do not weep." Then he came and touched the open coffin, and those who carried him stood still. And He said, "Young man, I say to you, arise." So he who was dead sat up and began to speak. And He presented him to his mother. Then fear came upon all, and they glorified God, saying, "A great prophet has risen up among us" and "God has visited His people." (Luke 7:11-16)



Jesús leit upp og sá, að mikill mannfjöldi kom til hans. Hann segir þá við Filippus: „Hvar eigum vér að kaupa brauð, að þessir menn fái að eta?“ En þetta sagði hann til að reyna hann, því hann vissi sjálfur, havð hann ætlaði að gjöra. Filippus svaraði honum: „Brauð fyrir tvö hundruð denara nægðu þeim ekki, svo að hver fengi lítið eitt.“ Annar lærisveinn hans, Andrés, bróðir Símonar Péturs, segir þá við hann: „Hér er piltur, sem er með fimm byggbrauð og tvo fiska, en hvað er það handa svo mörgum?“ Jesús sagði: „Látið fólkið setjast niður.“ Þarna var gras mikið. Menn settust nú niður, um fimm þúsund karlmenn að tölu. Nú tók Jesús brauðin, gjörði þakkir og skipti þeim út til þeirra, sem þar sátu, og eins af fiskunum, svo mikið sem þeir vildu. Þegar þeir voru mettir, segir hann við lærisveina sína: „Safnið saman leifunum, svo ekkert spillist.“ Þeir söfnuðu þeim saman og fylltu tólf körfur með leifum byggbrauðanna fimm, sem af gengu hjá þeim, er neytt höfðu. Þegar menn sáu táknið, sem hann gjörði, sögðu þeir: „Þessi maður er sannarlega spámaðurinn, sem koma skal í heiminn.“ (Jóhannes 6:5-14)

\*\*\*\*\*

Then Jesus lifted up His eyes, and seeing a great multitude coming toward Him, He said to Philip, “Where shall we buy bread, that these may eat?” But this He said to test him, for He himself knew what He would do. Philip answered Him, “Two hundred denarii worth of bread is not sufficient for them, that every one of them may have a little.” One of His disciples, Andrew, Simon Peter’s brother, said to Him, “There is a lad here who has five barley loaves and two small fish, but what are they among so many?” Then Jesus said, “Make the people sit down.” Now there was much grass in the place. So the men sat down, in number about five thousand. And Jesus took the loaves, and when He had given thanks He distributed them to the disciples, and the disciples to those sitting down; and likewise of the fish, as much as they wanted. So when they were filled, He said to His disciples, “Gather up the fragments that remain, so that nothing is lost.” Therefore they gathered them up, and filled twelve baskets with the fragments of the five barley loaves which were left over by those who had eaten. Then those men, when they had seen the sign that Jesus did, said, “This is truly the Prophet who is come into the world.” (John 6:5-14)



Þegar kvöld var komið, fóru lærisveinar hans niður að vatninu, stigu út í bát og lögðu af stað yfir um vatnið til Kapernaum. Myrkur var skollið á, og Jesús var ekki enn kominn til þeirra. Vindur gerði hvassan, og tók vatnið að æsast. Þegar þeir höfðu róið hér um bil tuttugu og fimm eða þrjátíu skeiðrúm, sáu þeir Jesú gangandi á vatninu og nálgast bátinn. Þeir urðu hræddir, en hann sagði við þá: „Það er ég, óttist eigi.“ Þeir vildu þá taka hann í bátinn, en í sömu svifum rann báturinn að landi, þar sem þeir ætluðu að lenda.

(Jóhannes 6:16-21)

\*\*\*\*\*

Now when evening came, His disciples went down to the sea, got into the boat, and went over the sea toward Capernaum. And it was already dark, and Jesus had not come to them. Then the sea arose because a great wind was blowing. So when they had rowed about three or four miles, they saw Jesus walking on the sea and drawing near the boat; and they were afraid. But He said to them, "It is I; do not be afraid." Then they willingly received Him into the boat, and immediately the boat was at the land where they were going.

(John 6:16-21)



Menn færðu börn til hans, að hann snerti þau, en lærisveinarnir átöldu þá. Þegar Jesús sá það, sárnaði honum, og hann mælti við þá: „Leyfið börnunum að koma til mín, varnið þeim eigi, því að slíkra er Guðs ríki. Sannlega segi ég yður: Hver sem tekur ekki við Guðs ríki eins og barn, mun aldrei inn í það koma.“ Og hann tók þau sér í faðm, lagði hendur yfir þau og blessaði þau. (Markús 10:13-16)

\*\*\*\*\*


Then they brought little children to Him, that He might touch them; but the disciples rebuked those who brought them. But when Jesus saw it, He was greatly displeased and said to them, “Let the little children come to Me, and do not forbid them; for of such is the kingdom of God. Assuredly I say to you, whoever does not receive the kingdom of God as a little child will by no means enter it.” And He took them up in His arms, laid His hands on them, and blessed them. (Mark 10:13-16)



Ég er góði hirðirinn. Góði hirðirinn leggur líf sitt í sölurnar fyrir sauðina. Míkir sauðir heyra raust mína, og ég þekki þá, og þeir fylgja mér. Ég gef þeim eilíft líf, og þeir skulu aldrei að eilífu glatast, og enginn skal slíta þá úr hendi minni. (Jóhannes 10:11 & 27-28)

\*\*\*\*\*

“I am the good shepherd. The good shepherd gives His life for the sheep. My sheep hear My voice, and I know them, and they follow Me. And I give them eternal life, and they shall never perish; neither shall anyone snatch them out of My hand.” (John 10:11 & 27-28)



Ædstu prestarnir og farísearnir kölluðu þá saman ráðið og sögðu: „Hvað eigum vér að gjöra? Þessi maður gjörir mörg tákn. Ef vér leyfum honum að halda svo áfram, munu allir trúa á hann, og þá koma Rómverjar og taka bæði helgidóm vorn og þjóð.“ En einn þeirra, Kaífas, sem það ár var ædsti prestur, sagði við þá: „Þér vitið ekkert og hugsið ekkert um það, að yður er betra, að einn maður deyi fyrir lýðinn, en að öll þjóðin tortímist.“ Þetta sagði hann ekki af sjálfum sér, en þar sem hann var ædsti prestur það ár, gat hann spáð því, að Jesús mundi deyja fyrir þjóðina, og ekki fyrir þjóðina eina, heldur og til að safna saman í eitt dreifðum börnum Guðs. Upp frá þeim degi voru þeir ráðnir í að taka hann af lífi. (Jóhannes 11:47-53)

\*\*\*\*\*


Then the chief priests and the Pharisees gathered a council and said, “What shall we do? For this Man works many signs. If we let Him alone like this, everyone will believe in Him, and the Romans will come and take away both our place and nation.” And one of them, Caiaphas, being high priest that year, said to them, “You know nothing at all, nor do you consider that it is expedient for us that one man should die for the people, and not that the whole nation should perish.” Now this he did not say on his own authority; but being high priest that year he prophesied that Jesus would die for the nation, and not for that nation only, but also that He would gather together in one the children of God who were scattered abroad. Then, from that day on, they plotted to put Him to death. (John 11:47-53)



Um kvöldið sat hann til borðs með þeim tólf. Og er þeir mötuðust, sagði hann: „Sannlega segi ég yður: Einn af yður mun svíkja mig.“ Þeir urðu mjög hryggir og sögðu við hann, einn af öðrum: „Ekki er það ég, herra?“ Hann svaraði þeim: „Sá sem dýfði hendi í fatið með mér, mun svíkja mig.“ (Matteus 26:20-23)

\*\*\*\*\*

When evening had come, He sat down with the twelve. Now as they were eating, He said, “Assuredly, I say to you, one of you will betray Me.” And they were exceedingly sorrowful, and each of them began to say to Him, “Lord, is it I?” He answered and said, “He who dipped his hand with Me in the dish will betray Me.” (Matthew 26:20-23)



Með honum voru og færðir til lífláts aðrir tveir, sem voru illvirkjar. Og er þeir komu til þess staðar, sem heitir Hauskúpa, krossfestu þeir hann þar og illvirkjana, annan til hægri handar, hinn til vinstri. Annar þeirra illvirkja, sem upp voru festir, hæddi hann og sagði: „Ert þú ekki Kristur? Bjargaðu sjálfum þér og okkur!“ En hinn ávítaði hann og sagði: „Hræðist þú ekki einu sinni Guð, og ert þó undir sama dómi? Við erum það með réttu og fáum makleg gjöld fyrir gjörðir okkar, en þessi hefur ekkert illt aðhafst.“ Þá sagði hann: „Jesús, minnst þú mín, þegar þú kemur í ríki þitt!“ Og Jesús sagði við hann: „Sannlega segi ég þér: Í dag skaltu vera með mér í Paradís.“


(Lúkas 23:32-33 & 39-43)

\*\*\*\*\*

There were also two others, criminals, led with Him to be put to death. And when they had come to the place called Calvary, there they crucified Him, and the criminals, one on the right hand and the other on the left. Then one of the criminals who were hanged blasphemed Him, saying, "If You are the Christ, save Yourself and us." But the other, answering, rebuked him, saying, "Do you not even fear God, seeing you are under the same condemnation? And we indeed justly, for we receive the due reward of our deeds; but this Man has done nothing wrong." Then he said to Jesus, "Lord, remember me when You come into Your kingdom." And Jesus said to him, "Assuredly, I say to you, today you will be with Me in Paradise."

(Luke 23:32-33 & 39-43)







Og nú var nær hádegi og myrkur varð um allt land til nóns, því sólin missti birtu sinnar. En fortjald musterisins rifnaði sundur í miðju. Þá kallaði Jesús hárrí röddu: „Faðir, í þínar hendur fel ég anda minn!“ Og er hann hafði þetta mælt, gaf hann upp andann. Þegar hundraðshöfðinginn sá það, er við bar, vegsamaði hann Guð og sagði: “Sannarlega var þessi maður réttlátur.“ (Lúkas 23:44-47)

\*\*\*\*\*


Now it was about the sixth hour, and there was darkness over all the earth until the ninth hour. Then the sun was darkened, and the veil of the temple was torn in two. And when Jesus had cried out with a loud voice, He said, “Father, into your hands I commit My spirit.” Having said this, He breathed His last. So when the centurion saw what had happened, he glorified God, saying, “Certainly this was a righteous Man!” (Luke 23:44-47)



Um kvöldið kom auðugur maður frá Arímaþeu, Jósef að nafni, er sjálfur var orðinn lærisveinn Jesú. Hann gekk til Pílatusar og bað hann um líkama Jesú. Pílatus bauð þá að fá Jósef hann. Jósef tók líkið, sveipaði það hreinu línklæði og lagði í nýja gröf, sem hann átti og hafði látið höggva í klett, velti síðan stórum steini fyrir grafarmunnann og fór burt. María Magdalena var þar og María hin, og sátu þær gegnt gröfinni. (Matteus 27:57-61)

\*\*\*\*\*



Now when evening had come, there came a rich man from Arimathea, named Joseph, who himself had also become a disciple of Jesus. This man went to Pilate and asked for the body of Jesus. Then Pilate commanded the body to be given to him. When Joseph had taken the body, he wrapped it in a clean linen cloth, and laid it in his new tomb which he had hewn out of the rock; and he rolled a large stone against the door of the tomb, and departed. And Mary Magdalene was there, and the other Mary, sitting opposite the tomb. (Matthew 27:57-61)



En í afturelding fyrsta dag vikunnar komu þær til grafarinnar með ilmsmyrslin, sem þær höfðu búið. Þær sáu þá, að steininum hafði verið velt frá gröfinni, og þegar þær stigu inn, fundu þær ekki líkama Drottins Jesú. Þær skildu ekkert í þessu, en þá brá svo við, að hjá þeim stóðu tveir menn í leiftrandi klæðum. Þær urðu mjög hræddar og hneigðu andlit til jarðar. En þeir sögðu við þær: „Hví leitið þér hins lifanda meðal dauðra? Hann er ekki hér, hann er upp risinn. Minnst þess, hvernig hann talaði við yður, meðan hann var enn í Galíleu. Hann sagði, að Mannssonurinn skyldi framseldur verða í hendur syndugra manna og krossfestur, en rísa upp á þriðja degi.“ Og þær minntust orða hans. (Lúkas 24:1-8)

\*\*\*\*\*


Now on the first day of the week, very early in the morning, they, and certain other women with them, came to the tomb bringing the spices which they had prepared. But they found the stone rolled away from the tomb. Then they went in and did not find the body of the Lord Jesus. And it happened, as they were greatly perplexed about this, that behold, two men stood by them in shining garments. Then, as they were afraid and bowed their faces to the earth, they said to them, "Why do you seek the living among the dead? He is not here, but is *risen!* Remember how He spoke to you when He was still in Galilee, saying, 'The Son of Man must be delivered into the hands of sinful men, and be crucified, and the third day rise again.'" And they remembered His words. (Luke 24:1-8)



Þeir stóðu samstundis upp og fóru aftur til Jerúsalem. Þar fundu þeir þá ellefu og þá, er með þeim voru, saman komna, og sögðu þeir: „Sannarlega er Drottinn upp risinn og hefur birst Símoni.“ Hinir sögðu þá frá því, sem við hafði borið á veginum, og hvernig þeir höfðu þekkt hann, þegar hann braut brauðið. Nú voru þeir að tala um þetta, og þá stendur hann sjálfur meðal þeirra og segir við þá: „Friður sé með yður!“ En þeir skelfdust og urðu hræddir og hugðust sjá anda. Hann sagði við þá: „Hví eruð þér óttaslegnir og hvers vegna vakna efasemdir í hjarta yðar? Lítið á hendur mínar og fætur, að það er ég sjálfur. Þreifðið á mér, og gætið að. Ekki hefur andi hold og bein eins og þér sjáið að ég hef.“ Þegar hann hafði þetta mælt, sýndi hann þeim hendur sínar og fætur. (Lúkas 24:33-40)

\*\*\*\*\*

So they rose up that very hour and returned to Jerusalem, and found the eleven and those who were with them gathered together, saying, "The Lord is risen indeed, and has appeared to Simon!" And they told about the things that had happened on the road, and how He was known to them in the breaking of bread. Now as they said these things, Jesus Himself stood in the midst of them, and said to them, "Peace to you." But they were terrified and frightened, and supposed they had seen a spirit. And he said to them, "Why are you troubled? And why do doubts arise in your hearts? Behold My hands and My feet, that it is I Myself. Handle Me and see, for a spirit does not have flesh and bones as you see I have." When He had said this, He showed them His hands and His feet. (Luke 24:33-40)



Og hann sagði við þá: „Svo er skrifað, að Kristur eigi að líða og rísa upp frá dauðum á þriðja degi, og að prédika skuli í nafni hans öllum þjóðum iðrun til fyrirgefningar synda og byrja í Jerúsalem. Þér eruð vottar þessa. Síðan fór hann með þá út í nánd við Betaníu, hóf upp hendur sínar og blessaði þá. En það varð, meðan hann var að blessa þá, að hann skildist frá þeim og var upp numinn til himins.

(Lúkas 24:46-48 & 50-51)

\*\*\*\*\*

And He said to them, “Thus it is written, and thus it was necessary for the Christ to suffer and to rise from the dead the third day, and that repentance and remission of sins should be preached in His name to all nations, beginning at Jerusalem. And you are witnesses of these things.” And he led them out as far as Bethany, and He lifted up His hands and blessed them. Now it came to pass while He blessed them, that He was parted from them and carried up into heaven. (Luke 24:46-48 & 50-51)

Því svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn, til þess að hver sem á hann trúir glattist ekki, heldur hafi eilíft líf. Guð sendi ekki soninn í heiminn til að dæma heiminn, heldur að heimurinn skyldi frelsast fyrir hann. Sá sem trúir á hann, dæmist ekki. Sá sem trúir ekki, er þegar dæmdur, því að hann hefur ekki trúað á nafn Guðs sonarins eina. (Jóhannes 3:16-18)

For God so loved the world that He gave His only begotten Son, that whoever believes in Him should not perish but have everlasting life. For God did not send His Son into the world to condemn the world, but that the world through Him might be saved. He who believes in Him is not condemned; but he who does not believe is condemned already, because he has not believed in the name of the only begotten Son of God. (John 3:16-18)

Ef vér segjum: „Vér höfum ekki synd,“ þá svíkjum vér sjálfa oss og sannleikurinn er ekki í oss. Ef vér játum syndir vorar, þá er hann trúr og réttlátur, svo að hann fyrirgefur oss syndirnar og hreinsar oss af öllu ranglæti. (I Jóhannes 1:8-9)

If we say that we have no sin, we deceive ourselves, and the truth is not in us. If we confess our sins, He is faithful and just to forgive us our sins and to cleanse us from all unrighteousness. (I John 1:8-9)

Jesús segir við hann: „Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið. Enginn kemur til föðurins, nema fyrir mig.“ (Jóhannes 14:6)

Jesus said to him, “I am the way, the truth, and the life. No one comes to the Father except through Me.” (John 14:6)

“Komið til mín, allir þér sem erfiði hafið og þungar byrðar, og ég mun veita yður hvíld. Takið á yður mitt ok og lærið af mér, því að ég er hógvær og af hjarta lítillátur, og þá munuð þér finna hvíld sálum yðar. Því að mitt ok er ljúft og byrði mín létt.“ (Matteus 11:28-30)

“Come to Me, all you who labor and are heavy laden, and I will give you rest. Take My yoke upon you and learn from Me, for I am gentle and lowly in heart, and you will find rest for your souls. For My yoke is easy and My burden is light.” (Matthew 11:28-30)

Jesús gjörði einnig mörg önnur tákni í augsýn lærisveina sinna, sem eigi eru skráð á þessa bók. En þetta er ritað til þess að þér trúðið, að Jesús sé Kristur, sonur Guðs, og að þér í trúnni eigið líf í hans nafni. (Jóhannes 20:30-31)

And truly Jesus did many other signs in the presence of His disciples, which are not written in this book; but these are written that you may believe that Jesus is the Christ, the Son of God, and that believing you may have life in His name. (John 20:30-31)

“Ég er Alfa og Ómega, hinn fyrsti og hinn síðasti, upphafið og endirinn.“ (Opinberun Jóhannesar 22)

“I am the Alpha and the Omega, the Beginning and the End, the First and the Last.” (Revelation 22:13)

ΑΩ



*Elsku Jesús minn! Ég veit að ég hef gert svo margt rangt og ég sé svo mikið eftir því. Takk elsku Jesús minn að þú dóst á krossinum fyrir mig, svo ég gæti fengið hreint hjarta og eignast eilíft líf með þér. Hjálpaðu mér að hætta að gera það sem er rangt og vilt þú Jesús minn stjórna lífi mínu. Takk fyrir að þú ert alltaf hjá mér og ég get alltaf treyst þér. Og takk fyrir það að ég fæ að koma til himins þegar ég dey. Í Jesú nafni Amen.*

Ef þig langar til þess að kynnast Jesú betur og vera lærisveinn hans, þá skaltu biðja bænina sem er hér fyrir ofan.

Nafn \_\_\_\_\_ Dagsetning \_\_\_\_\_

\*\*\*\*\*

Does this prayer express the desire of your heart? If it does, pray this prayer and Christ will come into your life as He promised:

*“Lord Jesus, I realize that I am a sinner and need you in my life. I thank you for dying on the cross to take away my sins. Thank you for forgiving my sins and giving me eternal life. I invite you into my life as Savior and Lord. Please take control of my life.”*

Name \_\_\_\_\_ Date \_\_\_\_\_

Illustrated by: Linda Riddell

English Scripture quotations are from the New King James Version  
Copyright © 1982 by Thomas Nelson, Inc., Publishers  
Used by permission. All rights reserved.

The TransRoman font used to print this work is available from Linguist's Software, Inc.  
P.O. Box 580, Edmonds, WA 98020-0580 USA, Tel: (425)775-1130  
[www.linguistsoftware.com](http://www.linguistsoftware.com)

[www.goodnewscoloringbook.org](http://www.goodnewscoloringbook.org)

Icelandic/English Teaching Edition

